

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda,
þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum
(nýting landsréttinda, óbyggðanefnd o.fl.).

(Eftir 2. umræðu, 30. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Leyfi ráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, vindorku, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum.
- b. Í stað orðanna „þeirrar þjóðlendu sem leyfið tekur til“ í 4. másl. 4. mgr. kemur: þjóðlendna samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

2. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er þó að víkja frá 70 ára aldurshámarki.

3. gr.

Í stað ártalsins „2014“ í lokamáslíð 8. gr. laganna kemur: 2015.

4. gr.

1. másl. 3. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skal hafa frumkvæði að því að þinglýsa eignarheimildum sem varða þjóðlendur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.